



Alþýðusamband Íslands

**Ályktun ársfundar ASÍ 2009 um heildarendurskoðun á stefnu
Alþýðusambandsins í málefnum lífeyrissjóða**

Ársfundur ASÍ felur miðstjórn sambandsins að standa fyrir víðtækri og almennri umræða um málefni lífeyrissjóðanna meðal aðildarsamtaka sinna á næstu mánuðum. Markmið slíkrar umræðu verði að leggja drög að endurskoðaðri stefnu ASÍ í lífeyrismálum og skilgreina helstu samningsmarkmið samtakanna í viðræðum við Samtök atvinnulífsins. Skal þeirri vinnu lokið eigi síðar en 31. mars 2010.